

## LÖG

### um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður er verði 2. másl., svohljóðandi: Aðsetur hans er á Selfossi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

### um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumaður.

2. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Jarðanefndir sem skipaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara skulu starfa út skipunartíma sinn.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*